

Hrunamannahreppur  
Akurgerði 6 Flúðum  
845 Hrunamannahreppur

Garðabær, 11. september 2023  
Málsnúmer: 202307-0019  
BK

## Efni: Íbúðarsvæði í Sunnuhlíð – endurskoðun deiliskipulags

Vísað er til tölvubréfs frá Hrunamannahreppi, dags. 14. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um endurskoðun deiliskipulags fyrir íbúðarlóðir í landi Sunnuhlíðar vestan núverandi þéttbýlis á Flúðum.

Helstu breytingar sem eru gerðar á deiliskipulaginu varða breytta legu gatna, þéttingu byggðar og fjölbreyttari húsagerð. Í heild er skipulagssvæðið um 39 ha.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér breytingarnar á deiliskipulaginu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Svæðið þar sem íbúðabyggðin mun rísa ber nokkur merki rasks, svo sem vegna framræslu og slóðagerðar. Í vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is/>) er megnið af svæðinu flokkað sem tún og akurlendi. Einnig er nokkurt votlendi á svæðinu sem er flokkað sem starungsmýravist og runnamýravist á láglendi en báðar þessar vistgerðir hafa mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Víðikjarrvist og língresis- og vingulsvist eru einnig á lista Bernarsamningsins og hafa mjög hátt og hátt verndargildi.

Þrátt fyrir rask má vænta má þess að sú mósaík votlendis/deiglendis og þurrlendis sem þarna er að finna standi undir töluverðum þéttleika vaðfugla sem munu missa búsvæði sín undir byggðina. Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Helligheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla. Landsvæðið er einnig það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem stöðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast og má þar nefna frístundabyggðir og skógrækt..

Stofnunin gerir ekki athugasemdir við umræddar breytingar á deiliskipulaginu en vill hvetja til þess að votlendi verði hlíft eins og kostur er. Einnig skal bent á mikilvægi þess að sveitarfélög á Suðurlandi marki sér stefnu um verndun búsvæða vaðfugla til að tryggja viðunandi verndarstöðu þessara tegunda til framtíðar, m.a. með því að leggja mat á samlegðaráhrif ólíkra framkvæmda og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif þeirra á vaðfuglastofna.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, svið náttúruverndar

